



MYNL2VL05

Kennsluáætlun – vorönn 2020

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustuaragnars@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum munu nemendur endurvinnna vegginn sem skreyttur er nú þegar. Þemað er sögur og bókmenntir. Þeir fá úthlutað svæði þar sem skreytingarnar eru farnar að mást út vegna veðurs og vinda og mála í staðinn eigin sköpunarverk. Það þarf að skrapa og hreinsa gamla lausa málningu í upphafi. Verkefnið krefst góðs undirbúnings í formi hugmyndavinnu og skissugerðar og að geta nýtt sé leikni í hlutföllum og rúðustækkunum. Notast er við málningu en ekki sprej.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- muninum á veggjakroti og veggjalist.
- mikilvægi á góðri undirbúningsvinnu.
- mikilvægi þess að fá samþykki frá viðeigandi aðila fyrir verkum sem þessum.
- mikilvægi listar í umhverfinu.
- að verkið krefst skipulagningar, öll efni og áhöld þurfa að vera til staðar á vinnusvæðinu
- að þegar unnið er að verki utanhúss sé vinnan er háð veðri og allt eins líklegt að hún fari fram utan skólatíma
- að verk sem þetta eru komin til að vera og fyrir allra augum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umræðu varðandi þema og komast að sameiginlegri niðurstöðu í uppsetningu verks.
- undirbúningsvinnubrögðum fyrir verk af þessari stærðargráðu með skissu- og hugmyndavinnu.
- mikilvægi þess að skissan sé vel unnin svo eftirleikurinn verði viðráðanlegri.
- að búa til skapalón sem og nýta sér rúðustækkun.
- að undirbúa lokavinnuna innandyra og utan með tilliti til efnis og áhalda
- að mála endanlegt verk á viðkomandi vegg í viðunandi útliti sem allir geta sætt sig við.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- gera sér grein fyrir því að það krefst vinnu og samtalsferlis að útvega sér vegg að vinna á.
- vinna veggjalist í góðu samstarfi við alla sem að verkinu koma
- vinna allt frá hugmyndavinnu og að endanlegu verki.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ljúka verkinu innan áætlaðs tíma.

Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa litlar möppur strax í byrjun annar fyrir skissur sínar.
- Áfanginn er leiðsagnarmatsáfangi. Námsmat byggist upp á mati kennara þar sem horft er til frumkvæðis, sköpunargleði, verklags, persónulegra vinnubragða, vandvirkni, frágangs, ígrundunar og rökstuðnings á endanlegri niðurstöðu. Áfanginn næstt ekki nema með loknu fullnægjandi verki úti á vegg.
- Afar mikilvægt er að hafa lokið fullunninni skissu í lit af tilvonandi verki ekki seinna en í lok febrúar og síðan í kjölfarið að ljúka verkinu - öðruvísi verður áfanginn ekki staðinn.
- Hugmynda- og skissuvinna er um þriðjungur áfangans (miður feb.) - annað er tími sem er ætlaður á vegginn sjálfan. Veggurinn verður tekin í áhlaupi þegar veður batnar með vorinu. Þá verða nemendur að vera tilbúnir að taka einhverja seinni parta eða helgar þegar veður er hagstætt. Kennari getur ekki gert áætlun um það eðli málsins samkvæmt. Á móti verða ekki hefðbundnar kennslustundir frá því að hugmynda- og skissuvinnu er lokið og fram að framkvæmdum.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Annað

- Þegar farið er að vinna í málningarvinnunni er mikilvægt að vera í fötum sem henta þannig vinnu. Einnig að huga að því að það er kalt að vinna svona úti. Klæða sig vel!
- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.